

FUNDARGERÐ

127. fundar skólanefndar Mýrdalshrepps, haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps, miðvikudaginn 14. desember 2005 kl. 17:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skólanefndar. Sveitarstjóri ritaði fundargerð á tölvu. Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Tónskólinn

Á fundinn er mætt Kristín Waage tónskólastjóri.

1. Fjárhagsáætlun 2006

Skv. fyrirbyggjandi áætlun er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður skólans verði 8.185 millj.kr. þarf af launakostnaður 7.780 millj.kr. Breyting frá fyrri áætlun er helst sú að gert er ráð fyrir að stöðugildum við skólann fækki um hálf niður í 1,5 frá og með 1. apríl 2006. Í minnisblaði sem lagt er fram á fundinum er gert ráð fyrir að tónskólinn hafi engu að síður heimild til að nýta allt að 2 stöðugildum. Fram koma efasemdir um að setja fram fjárhagsáætlun sem gerir ráð fyrir 1,5 stöðugildi en skólinn hafi heimild til að nota 2 stöðugildi. Kristínu finnst ekki eðlilegt að skólanefnd fái til afgreiðslu fjárhagsáætlun með þessum breytingum með svo skömmum fyrirvara. Hún telur að eðlilegt sé að gera fjárhagsáætlun m.v. 2 stöðugildi þar sem gert sé ráð fyrir að skólinn hafi heimild til að nýta þau. Hún telur dapurlegt að ein léleg önn verði til þess að ráðist sé í slíkar aðgerðir og telur að erfitt geti verið að manna 1,5 stöðugildi og að fyrirhugaðar breytingar geti komið niður á skólanum til lengri tíma. Afgreiðslu frestað. Gert ráð fyrir að ljúka afgreiðslu á aukafundi mánudaginn 19. desember n.k.

2. Önnur mál.

- a) Kristín dregur til baka ósk um leyfi til að taka fæðingarorlof á vorönn. Samþykkt.
- b) Kristín vekur athygli á tónleikum skólans á morgun.

Kristín yfirgefur fundinn

II. Leikskólinn

Aðalheiður mætir ekki á fundinn

1. Fjárhagsáætlun 2006

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður skólans verði 15.809 millj. kr. þarf af launakostnaður 13.150 millj.kr. Fyrirbyggjandi áætlun samþykkt.

III. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri, Gunnar Halldórsson fulltrúi kennara og Kristján Kristjánsson fulltrúi foreldra.

1. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk.

Kolbrún kynnir niðurstöður prófanna.

2. Bréf Kennaraháskóla Íslands dags. 18. nóvember 2005.

Með bréfinu eru kynnt áform um að danskur farkennari komi til með að starfa á Suðurlandi skólaárið 2006-2007. Spurt er hvort Mýrdalshreppur geti tekið þátt í verkefninu. Sveitarfélagið eða skólaskrifstofan þarf að leggja til íbúð þar sem farkennari hafi fast aðsetur. Kolbrún lýsir yfir áhuga skólans á málinu. Kolbrúnu falið að skoða málið í samráði við skólaskrifstofu.

3. Fjárhagsáætlun 2006

Gert er ráð fyrir að rekstarkostnaður verði 83.930 mkr þar af launakostnaður 56.800 mkr. Frá fyrri áætlun hefur verið bætt við millifærðum kostnaði milli deilda sveitarfélagsins s.s. leiga á íþróttahúsi og sundlaug. Fyrirliggjandi áætlun samþykkt.

4. Önnur mál.

a) Kolbrún upplýsir að 3 nemendur hafi sótt um skólavist frá áramótum. Nemendur verða þá 70.

b) Skólanefnd hefur borist bréf frá foreldrum/forráðamönnum nokkurra drengja á yngsta stigi í grunnskólanum. Með bréfinu er þess krafist að drengir fái gæslu í búningaklefum í íþróttatímum á vegum grunnskólans og vísað í að gæsla sé í búningaklefa stúlkna. Í bréfinu er fullyrt að þrátt fyrir margítrekaðar beiðnir og athugasemdir foreldra til skólastjórnenda virðist ekkert að gert og foreldrar séu langeygðir eftir úrbótum.

Kolbrún kannast ekki við margítrekaðar beiðnir og athugasemdir en að málið hafi komið upp eftir fund með foreldrum barna í 3. og 4. bekk sem umsjónarkennari boðaði til. Málið var þá tekið til umfjöllunar innan skólans og íþróttakennari tók saman greinargerð um málið sem send hefur verið foreldrum í 3. og 4. bekk ásamt fundargerð fyrrnefnds fundar.

Niðurstaða starfsmanna er að ástandið sé alls ekki eins alvarlegt og skilja má af bréfi foreldra. Kristján minnir á að foreldrar hafi áður fundað um málið og hann hafi komið til fundar með Kolbrúnu og komið sjónarmiðum foreldra á framfæri.

Kolbrún leggur fram fyrrnefnda greinargerð íþróttakennara ásamt minnisblaði þar sem fram kemur að fastmótaðar vinnureglur séu við hafðar og nemendur séu ekki eftirlitslausir í búningaklefa þó að starfsmaður sé ekki alltaf í klefa. Í minnisblaðinu kemur fram að enginn hafi haft samband við íþróttakennara vegna vandamála í sturtuklefum.

Skólanefnd vísar bréfinu til úrvinnslu hjá skólanum. Kolbrún hyggst bjóða bréfiturum til fundar við sig þar sem málin verði rædd.

c) Kristján upplýsti að hann hefði kallað saman bekkjarfulltrúa ásamt aðstoðarskólastjóra.

Kolbrún, Gunnar og Kristján yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 19:50.

Sigrún Guðmundsdóttir

Þorgerður Einarsdóttir
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Ragnheiður Högnadóttir

Andrína Erlingsdóttir